



Skotíþróttatæping Skotíþróttasambands Íslands 8. apríl 2006.

Þingið er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Þinggerð:

Þingsetning:

Formaður STÍ, Steinar Einarsson setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna á 27 þing sambandsins.

Kosning Kjörbréfanefndar:

Tillaga eru um:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Guðmundur Brynjarsson, SA
Freyr Jónsson, SKG

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning Þingforseta og þingritara:

Tillaga er um Axel Sölvason, sem þingforseta og Kjartan Friðriksson, sem þingritara.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti, Axel Sölvason, tekur við stjórn þingsins og þakkar traustið sem honum er sýnt.

Kosningar í fastanefndir þingsins:

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi í nefndir þingsins:

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Steinar Einarsson, SFK
Jónas Sigurðsson, SFS

Laganefnd:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Helgi Harrysson, SÍH
Jóhann Norðfjörð, SFS

Allsherjarnefnd:

Halldór Axelsson, SR
Björn Snær Guðbrandsson, SA
Steindór Hr. Grímarsson, SFK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar:

Steinar Einarsson, formaður STÍ, tekur til máls og tekur fram að fráfarandi formaður sambandsins, Jón S. Ólason hafi samið skýrsluna og að hann flytji hana í fjarveru hans.

Nokkur orð og kveðja frá Jóni S. Ólasyni, fráfarandi formanni STÍ.

“Ágætu félagar:

Eins og ykkur er kanski kunnugt þá sagði ég mig úr stjórn Skotíþróttasambandsins í febrúar á þessu ári. Var það gert í sátt við féлага mína úr stjórninni en ástæða þessa er öðru fremur að eftir liðlega 10 ára stjórnarsetu, lengst af sem formaður er áhuginn farinn að dofna og þá er tímabært að víkja og hleypa öðrum kraftmeiri mönnum að. Einnig hef ég lengi haft áhuga á að snúa mér meira að þjálfun skammbýssumanna og tel það ekki fara vel saman við stjórnarstörf.

Undanfarin 10 ár hafa í heildina litið verið skemmtilegur tími. Stundum hefur þó komið til átaka og á því tímabili sem hvað mest gekk á hugleiddi ég oft hversu tíma mínum væri illa varið við að skrifa endalaugar greinargerðir fyrir dómstóla. Oft vegna mála sem voru orðin rykfallin og flestum fallin í gleymsku.

Þessu þurfti þó að sinna en sem betur fer hefur bróðurpartur þeirra verkefna sem ég hef sinnt fyrir Skotíþróttasambandið verið öllu skemmtilegri og íþróttinni vonandi til framdráttar. Verkefnin hafa verið margvísleg á löngum tíma og hefur verið gaman að fá að takast á við flest þeirra.

Því miður á ég þess ekki kost að sitja þingið að þessu sinni. Eftir að til þings var boðað kom í ljós að ég þurfti að vera erlendis nú um helgina. Hef ég því leitað til félaga minna úr stjórninni um að flytja skýrslu stjórnar og bera þinginu mínar bestu kveðjur og þakkir fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt undanfarinn áratug.”

Steinar Einarsson ber þingheimi kveðjur fyrrverandi formans, Jón S. Ólasonar.

Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins.

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri sambandsins, skýrir reikningana og tilkynnir að reikningarnir liggja frammi á þingstað.

Fram kemur hjá Guðmundi að staða sambandsins sé góð eftir atvikum og framtíðin lofi góðu ef haldið verði áfram á sömu braut.

Enginn kveður sér hljóðs um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

- **Reikningarnir eru bornir upp til samþykktar og eru þeir samþykktir samhljóða.**

Þinförseti gefur Sigríði Jónsdóttur varaförseta ÍSÍ orðið.

Sigríður Jónsdóttir ávarpar þingið og ber þingheimi kveðjur ÍSÍ. Hún tekur fram að það sé mikilvægt að koma á þing sem þetta og kynnast málum þess. Hún segist hafa fylgst með árangri skotmanna um nokkurt skeið, m.a. á ÓI – 2000, þar sem íslendingar áttu keppanda í Skeet. Hún segir skotmenn á Íslandi keppa við atvinnumenn og jafnvel hermenn í skotíþróttum og þetta sé erfitt verkefni fyrir íslenska skotmenn. Hún fjallar um barna- og unglíngastarf í íþróttahreyfingunni og telur að skothreyfingin eigi að einbeita sér að unglíngum og unglíngastarfi og láta barnastarfið liggja milli hluta. Sigríður fjallar um fordóma í þjóðfélaginu í garð skotíþróttar, sem skothreyfingin þurfi að vinna bug á m.a. með því að leggja áherslu á unglíngastarfið. Hún segir frá reynslu sinni um kaup unglíngar á loftbyssum ýmisskonar og þar sé einmitt sóknarfæri skothreyfingarinnar. Hún varpar fram hugmynd um að refsing við ólöglegum innflutningi unglíngar á þessum verkfærum gæti verið m.a. skylduæfingar hjá skotíþróttafélögum landsins í einhvern ákveðin tíma, þar sem þeim yrði gert skylt að læra undirstöðuatriðin um skotíþróttir. Sigríður talar um að ekki fari mikið fyrir umfjöllun fjölmiðla um skotíþróttir. Hún telur að ástæðan sé eftirlívil að skotíþróttir séu einstaklingsíþróttir þar sem skotmenn eru að einhverju leiti í eigin heimi og það beri ekki jafn mikið á skotmönnum og þeim sem stunda hópíþróttir. Þá hvetur Sigríður skothreyfinguna til að koma skotíþróttinni betur á framfæri. Sigríður ræðir um væntanlegt þing ÍSÍ og þakkar þingheimi fyrir að hafa fengið að ávarpa þing STÍ. Hún kveðst ætla að nota tækifærið og lýsa því yfir að hún komi til með að gefa kost á sér í kjöri til forseta ÍSÍ. Þá telur Sigríður að áhugafólk um íþróttir, sem ekki endilega sé afreksfólk, eigi einnig að fá tækifæri til að taka þátt í trúnaðarstörfum íþróttahreyfingarinnar. Sigríður óskar skothreyfingunni góðs gengis í framtíðinni.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum:

Formaður kjörbréfanefndar, Hilmar Á. Ragnarsson, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Hann les upp nöfn þingfullrúa og lýsir kjörbréfin lögleg.

Stjórn STÍ leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár:

Guðmundur Kr. Gíslason talar fyrir tillögu stjórnar STÍ um fjárhagsáætlun næsta árs. Hann tekur fram að þjálfunarmál séu efst á baugi í hjá skothreyfingunni. Hann tekur fram að lögð verði áhersla á þáttöku í mótum á erlendra grund, þar sem það skapar mestu reynsluna fyrir íslenska skotmenn. Þar

mæti keppendur til leiks við ókunnar aðstæður og keppi við ókunna einstaklinga og það eitt auki á reynsluna í keppnisgreinum. Guðmundur ræðir um styrki frá Íþróttasjóði, lottótekjur ofl. Hann telur að kostnaður við rekstur sambandsins verði væntanlega svipaður og á fyrra ári.

- **Tillögunni er vísað í fjárhagsnefnd, merkt þingskjal nr. 1.**

Umræður um tillögur sem hafa borist stjórn STÍ.

Guðmundur Kr. Gíslason flytur tillögur stjórnar um Nordisk Trap. Guðmundur greinir frá því að Nordisk Trap sé þegar komið á dagskrá á Norðurlöndunum. Hann telur að greinin henti vel fyrir minni skotfélög hér heima, þar sem ekki þurfi nema eina vél og tiltölulega lítið svæði til geta komið greininni í gang. Guðmundur leggur áherslu á að umræða fari í gang um greinina og félögin kynni sér keppnisreglur.

Tillagan hljóðar svo:

Lagt er til að stjórn STÍ sé falið að vinna að því að tekin verði upp ný skotgrein innan sambandsins, “Nordisk Trap”

Greinargerð:

Þessi grein er sem stendur ekki á lista STÍ yfir keppnisgreinar en ljóst er að áhugi á henni er víða til staðar og í dag hafa tvö félög innan STÍ aðstöðu fyrir hana og það þriðja mun bætast í hópinn í sumar. Greinin er ein þeirra sem hefur verið keppt í á Norðurlandamótum og því okkar hlutverk að hlúa að henni hér á landi og eins til að auka flórana í haglabyssuskotfimi. Á síðasta fundi NSR, Norðurlandasambandsins, var samþykkt að samræma reglur, á enskri tungu, um þessa grein milli allra aðildarþjóðanna, því ljóst er að hún á vaxandi vinsældum að fagna og landskeppnir hafnar. Legg ég því til að þessi grein verði tekin inni STÍ, og strax og samræmdar reglur verða tilbúnar, að taka up mótahald í samráði við félögin sem aðstöðu hafa. Sænska skotsambandið hefur samræminguna á sinni könnu og er búist við tillögum með vorinu.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar, merkt þingskjal nr. 2.**

Tillaga um reglugerð fyrir skoíþróttadómara og dómarnefnd.

Guðmundur mælir fyrir tillögu um dómaramál STÍ.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar, merkt þingskjal nr. 3.**

Tillaga um Norðurlandamót á Íslandi árið 2007.

Guðmundur Kr Gíslason mælir fyrir tillögu um eftirfarandi ályktun:

Tillaga um NM í Skeet fullorðinna á Íslandi 2007:

“Skotiþróttaping haldið í Apríl 2006 samþykkir að stjórn STÍ kanni grundvöll þess að halda Norðurlandamót fullorðinna í SKEET skotfimi á Íslandi árið 2007. Þingið felur stjórninni umboð til að taka ákvörðun um umsókn að því tilskyldu að fjárhagslegur grunnur og aðstaða sé tryggð.”

Greinargerð:

Á fundi NSR í ágúst í fyrra lögðum við fram munnlega, að við sæktumst eftir að fá að halda Norðurlandamót í Skeet hér í Reykjavík, svo fremi sem aðstaða yrði tilbúin. Vel var tekið í þetta og því er það næsta skref að fylgja þessu eftir.

Huga þarf að dagsetningum og líklega yrði fyrir valinu seinni partur ágúst eða byrjun september. Evrópumeistaramótið fer fram 10.-25.júlí í Granada á Spáni, World Cup er 25.júní til 4.júlí í Slóvakíu. Þannig að ágúst er líklega góður tími.

**Nordic Shooting Championships
Bærum, Norway 1.-4. July 2004**

Result list – Skeet Women

Rank	Last name	First name	Nation	Main	Final	Total
1	Le Grelle	Pinky	GBR W	71	22	93
2	Little	Elena	GBR W	71	20	91
3	Poutanen	Katja	FIN W	64	20	84
4	Grahn	Jaana	FIN W	60	20	80
5	Torreck	Lisa	DEN W	60	16	76
6	Voutilainen	Eeva	FIN W	57	16	73

Result list – Skeet Men

Rank	Last name	First name	Nation	Main	Final	Total	Shoot-off
1	Bramley	Clive	GBR M	122	25	147	0
2	Brovold	Tore	NOR M	122	24	146	+ 4
3	Watndal	Erik	NOR M	122	24	146	+ 3
4	Jensen	Harald	NOR M	123	22	145	0
5	Laitinen	Timo	FIN M	123	21	144	0
6	Hansen	Jesper	DEN M	121	22	143	0
7	Aspholm	Tomi	FIN M	120	0	120	0
8	Larsen	Thomas	DEN M	119	0	119	0
9	Melton	Andrew	GBR M	119	0	119	0
10	Laminmäki	Vesa	FIN M	119	0	119	0
11	Rosslund	Henrik	SWE M	118	0	118	0
12	Carlsson	Jimmy	SWE M	118	0	118	0
13	Harvey	Drew	GBR M	115	0	115	0
14	Birgersson	Johan	SWE M	114	0	114	0
15	Knudsen	Per	DEN M	113	0	113	0

Guðmundur telur það Norðurlandamótið séu af þeirri stærðargráðu sem við ráðum við og Ísland ætti að stefna á að halda mót af þessari stærðargráðu sem fyrst.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar, merkt þingskjal nr. 4.**

Tillaga um fulltrúa sambandsins á ÍSÍ - þing sem haldið verður 28. 29. apríl nk.

Guðmundur Kr. Gíslason mælir fyrir tillögu um eftirtalda fulltrúar á þing ÍSÍ:

Steinar Einarsson, formaður STÍ
Guðmundur Kr Gíslason, framkvæmdastjóri STÍ
Jóhann Norðfjörð, formaður SFS
Kjartan Friðriksson, ritari STÍ
Steindór Hr. Grímarsson, formaður SFK

Til vara:

Vignir J. Jónasson, varaformaður SR
Ívar Erlendsson, formaður dómaranefndar STÍ

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar, merkt þingskjal nr. 5.**

Tillaga liggur fyrir þinginu um kærugjald STÍ.

Guðmundur Kr. Gíslason mælir fyrir tillögu frá stjórn STÍ um að kærugjald, samkvæmt 12.grein laga STÍ, sem fylgi reglum Alþjóða Skotsambandsins, ISSF.

Þar er kærugjald þannig:

Fyrir kæru (protest) US\$ 25

Fyrir áfrýjun (appeal) US\$ 50

- Tillögunni er vísað til Fjárhagsnefndar, merkt þingskjal nr. 6.

Tillaga um staðlað form við skráningu úrslita í mótum STÍ.

Guðmundur Kr. Gíslason mælir fyrir tillögu um að notað skulu stöðluð skráningarform við skráningu úrslita í landsmótum STÍ, sem stjórn STÍ sendi aðildarfélögum sínum. Guðmundur leggur fram sýnishorn að formi, sem lagt er til að notað verði framvegis á landsmótum.

- Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar, merkt þingskjal nr. 7.

Tillaga um keppnis- og félagaskiptagjald STÍ.

Guðmundur Kr. Gíslason mælir fyrir tillögu stjórnar um óbreytt félagaskiptagjald STÍ.

- Tillögunni er vísað til Fjárhagsnefndar, merkt þingskjal nr. 8.

Þingforseti gerir hlé á þingfundi og þingnefndir taka til starfa.

Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir störfum Fjárhagsnefndar og leggur til að tillaga um fjárhagsáætlun STÍ, þingskjal nr. 1, verði samþykkt óbreytt.

Tillagan hljóðar svo:

Fjárhagsnefnd: áætlun fjárhagsnefndar 2006

GJÖLD:		<u>Krónur</u>
	Þjálfun,kennsla,námskeið	600.000
	Skrifstofukostnaður	1.000.000
	Ferðakostnaður ýmis	600.000
	Eldri skuldir	160.000
	Annað ófyrirséð	700.000
		3.060.000
TEKJUR:		
	Lottó	980.000
	Útbreiðslustyrkur	900.000
	ÍSí styrkur skrifstofu	1.000.000
	Ýmsar tekjur	800.000
		3.680.000

TEKJUAFGANGUR 620.000

Tillögur frá fjárhagsnefnd:

Tillaga um keppnisgjald til STÍ - óbreytt 1.000 pr. Keppanda á móti

Tillaga um félagaskiptagjald - óbreytt 3.000

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir tillögu Fjárhagsnefndar um fulltrúa sambandsins á ÍSí - þing, þingskjal nr. 5.

Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt óbreytt:

Tillagagan hljóðar svo:

Steinar Einarsson, formaður STÍ
Guðmundur Kr Gíslason, framkvæmdastjóri STÍ
Jóhann Norðfjörð, formaður SFS
Kjartan Friðriksson, ritari STÍ
Steindór Hr. Grímarsson, formaður SFK

Til vara:

Vignir J. Jónasson, varaformaður SR
Ívar Erlendsson, formaður dómaranefndar STÍ

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Guðmundur Kr. Gíslason leggur til fyrir hönd Fjárhagsnefndar að keppnisgjöld og félagagaskiptagjald verði óbreytt, samkvæmt tillögu stjórnar, þingskjal nr. 8.

Tillagan hljóðar svo:

Tillaga er frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eins að unglingar séu undanþegnin keppnisgjaldi, og eru aðildarfélögin hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga.

Tillaga er um:

Keppnisgjald kr. 1,000 fyrir hvern keppanda á STÍ - móti

Félagaskiptagjald kr. 3,000

- **Tillagan er samþykkt samhljóða**

Alsherjarnefnd gerir grein fyrir störfum sínum.

Halldór Axelsson ræðir, fyrir hönd Alsherjarnefndar, tillögur um Norsdisk Trap, þingskjal nr. 2.

Tillagan hljóðar svo:

Lagt er til að stjórn STÍ sé falið að vinna að því að tekin verði upp ný skotgrein innan sambandsins, “Nordisk Trap”

Halldór tekur fram að þetta sé ein mest stundaða haglagreinin á norðurlöndum. Hann tilkynnir að nefndin styðji tillögurnar, en bendir á að það þurfi að samræma reglur og þýða þær á íslensku. Nefndin leggur til að reglunum verði komið sem fyrst til aðildarfélaga STÍ.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Halldór gerir grein fyrir tillögum Alsherjarnefndar um dómarnefnd, þingskjal nr. 3.

Nefndin bendir á að halda þurfi áfram því starfi að halda dómarnámskeið í fleiri skotgreinum s.s. loftgreinum og riffilgreinum. Nefndin leggur einnig áherslu á gulu- og rauðu spjóldin sem dómara þurfa að hafa við dómgæslu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Tillagan hljóðar svo:

Reglugerð fyrir skotíþróttadómara og dómarnefnd

Dómarnefnd

1. gr. Dómarnefnd STÍ skal skipuð þrem mönnum og a.m.k. tveir þeirra þurfa að hafa landsdómaraéttindi. Í nefndina skal kosið á þingi STÍ.

2. gr. Hlutverk nefndarinnar er.

- a) að vera æðsti innlendi aðili um túlkun leikreglna ISSF.
- b) að hafa yfirumsjón með málefnum skotíþróttadómara í landinu.
- c) að hafa yfirumsjón með menntun skotíþróttadómara, útskrifa þá og halda skrá yfir dómara.
- d) að halda dómarnámskeið.
- e) að vera sérfræðilegur ráðunautur stjórnar STÍ og annast verkefni varðandi leikreglur og dómara, er stjórn STÍ kann að fela henni.
- f) að meta hvort dómaraefni séu hæf til dómgæslu með tilliti til agareglna og annarra þátta sem hún telur þörf á.

3. gr. Nefndin starfar sjálfstætt og er ábyrg gagnvart stjórn STÍ. Nefndin skal færa gerðarbók um störf sín.

Skotíþróttadómarar

1. gr. Skotíþróttadómurum skal skipt eftir kunnáttu og reynslu í héraðs, lands og alþjóðlega dómara.

Héraðsdómarar:

2. gr. Réttindi sem héraðsdómari öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði sem haldið er af dómarnefnd STÍ, í hverri einstakri grein. Til þess að ná réttindum sem héraðsdómari skal eftirtöldum atriðum fullnægt:

- a) Dómaraefni skal hafa náð 20 ára aldri.
- b) Dómaraefni skal standast próf og mat dómarnefndar.

3. gr. Sá sem staðist hefur próf til héraðsdómara í einstakri grein hefur réttindi til að dæma í innanfélagsmótum sem yfirdómari, og á landsmótum sem meðdómari.

Landsdómarar:

4. gr. Réttindi sem landsdómari öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði sem haldið er af dómarnefnd STÍ, í hverri einstakri grein. Til þess að ná réttindum sem landsdómari skal eftirfarandi atriðum fullnægt.

- a) Landsdómaraefni skal hafa náð 25 ára aldri og hafa víðtæka reynslu í skotíþróttum

b) Skal standast próf og mat dómaranefndar.

c) Æskilegt er að landsdómari keppi ekki í opinberum mótum né dæmi sem yfirdómari í móti, sem hann keppir sjálfur í.

5. gr. Sá sem hefur staðist próf landsdómara í viðkomandi grein, hefur réttindi til að dæma í öllum innanlandsmótum í þeirri grein.

6. gr. Alþjóðleg dómararéttindi hljóta dómarar skv. reglum ISSF.

Almennar reglur:

7. gr. Æskilegt er að Íþróttafélög innan STÍ hafi virka dómara innan sinna vébanda.

8.gr. Alþjóðleg ISSF dómaranámskeið er enginn hæfur til að sitja, nema viðkomandi sé tilnefndur af sínu félagi, sé með landsdómararéttindi og sé hæfur að mati dómaranefndar STÍ. ISSF dómararéttindi taka yfir öll innlend réttindi. Góðrar enskukunnáttu er krafist til setu á ISSF-námskeiðunum.

9. gr. Þau íþróttafélög sem halda landsmót, skulu tilkynna einn landsdómara til starfa á mótinu. Nafn dómara, heimilisfang og símanúmer skal fylgja tilkynningu.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Halldór Axelsson gerir grein fyrir tillögum Alsherjarnefndar um Norðurlandamót í Skeet, þingskjal nr. 4.

Tillagan hljóðar svo:

“Skotíþróttaping haldið í Apríl 2006 samþykkir að stjórn STÍ kanni grundvöll þess að halda Norðurlandamót fullorðinna í SKEET skotfimi á Íslandi árið 2007. Þingið felur stjórninni umboð til að taka ákvörðun um umsókn að því tilskyldu að fjárhagslegur grunnur og aðstaða sé tryggð.”

Halldór Axelsson segir nefndina sammála um að halda Norðurlandamót í Skeet. Hann bendir á að veður gæti valdið erfiðleikum, en nefndin leggi til að öllum aðildarfélögum STÍ verði gefin kostur á að sækja um að halda mótið. Þá leggur Alsherjarnefnd til að stofnuð verði nefnd á vegum STÍ til að sjá um væntanlegt Norðurlandamót

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Halldór Axelsson gerir grein fyrir álitum Alsherjarnefndar um kærugjald STÍ, þingskjal nr. 6.

Nefndin leggur til að kærugjaldið, sem er í US dollar, verði á gengi dagsins frá Seðlabankanum þann dag sem kæran er gerð. Nefndin leggur til að kærureglurnar verði þýddar á íslensku. Alsherjarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Tillagan hljóðar svo:

Tillaga frá stjórn STÍ um að kærugjald samkvæmt 12.grein laga STÍ, fylgi reglum Alþjóða Skotsambandsins, ISSF.

Þar er kærugjald þannig:

Fyrir kæru (protest) US\$ 25

Fyrir áfrýjun (appeal) US\$ 50

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Halldór Axelsson gerir grein fyrir álitum Alsherjarnefndar um tillögu um staðlaða skráningu úrslita á Landsmótum STÍ, þingskjal nr. 7.

Nefndin leggur áherslu á að notuð sé stöðluð skráningarform frá STÍ í öllum keppnisgreinum og beri aðildarfélögum að sækja formið til STÍ. Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Tillagan hljóðar svo:

Lagt er til að notuð skulu stöðluð skráningarform við skráningu úrslita í landsmótum STÍ, sem stjórn STÍ sendi aðildarfélögum sínum.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins í varastjórn.

Tillaga liggur fyrir þinginu frá fráfarandi stjórn sambandsins um Steinar Einarsson sem formann.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillaga frá fráfarandi stjórn STÍ um kjör í nefndir og stjórn sambandsins.

Aðalstjórn:

Steinar Einarsson, SFK, tillaga um formann til 1árs
Guðmundur Kr. Gíslason, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára
Jóhann Norðfjörð, SFS, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára
Jón S. Ólason, ÍFL, tillaga um setu í varastjórn til 2ja ára

Áfram sitja:

Páll Reynisson, SFS, varastjórn
Halldór Axelsson, SR, aðalstjórn
Kjartan Friðriksson, SR, aðalstjórn

Skoðunarmenn reikninga:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Jónas Hafsteinsson, ÍFL

Varamenn:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR
Hannes Haraldsson, SFK

Mótanefnd:

Guðmundur Kr Gíslason, SR
Jóhann Norðfjörð, SFS
Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Kári Grétarsson, SÍH
Steindór Hr. Grímarsson, SFK
Guðmundur H. Brynjarsson, SA

Dómaranefnd:

Ívar Erlendsson, SÍH
Steinar Einarsson, SFK
Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Varamenn:

Halldór Axelsson, SR
Áki H. Garðarsson, SA
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

Aqanefnd:

Jón S. Ólason, ÍFL

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Halldór Axelsson, SR
Varamenn:
Einar Guðmann, ÍSA
Guðmundur H. Brynjarsson, SA
Páll Reynisson, SFS

Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Einar Guðmann, ÍSA
Kjartan Friðriksson, SR
Varamenn:
Bragi Þór Jónsson, SR
Örn Valdimarsson, SÍH
Halldór Axelsson, SR

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Önnur mál:

Guðmundur Kr. Gíslason tekur til máls:

Hann skýir frá skyldum sambandsins um að veita viðurkenningar fyrir íslandsmet. Hann greinir frá tveimur íslandsmetum sem sett voru á sl. misseri. Hann veitir, fyrir hönd STÍ, viðurkenningarskjal þeim Ásgeiri Sigurgeirssyni SR, fyrir íslandsmet í flokki unglinga í loftskammbyssu og Guðmundi Helga Christensen SR, fyrir íslandsmet í loftrifli karla. Guðmundur afhendir einnig dómaraéttindi til þeirra sem útskrifuðust á dómaraámskeiði STÍ, sem haldið var á dögnum.

Halldór Axelsson tekur til máls:

Hann ræðir um starfið í haglagreininni, stefnu STÍ um að senda keppendur á mót á erlenda grund. Þá ræðir hann um þjálfunarmál og væntanleg Ól – lágmörk í Skeet. Hann greinir frá því að nýverið hafi STÍ fengið upplýsingar um það hvernig verði staðið að umsókn á Ól í Skeet. Halldór greinir frá því að landsliðshópur í Skeet hafi verið settur saman og undirbúningur og æfingar séu í fullum gangi. Hann segir frá því að ákveðin lágmörk verði sett fyrir þá sem hafa möguleika á að komast á Ól og þau verði kynnt síðar.

Guðmundur Kr. Gíslason tekur til máls:

Hann minnir þingheim á að taka með sér lög og reglur STÍ, sem liggja frammi, og minnir keppendur og dómara á að þeir þurfa að eiga reglubækur í viðkomandi keppnisgrein.

Guðmundur ræðir um afreksstefnu sambandsins og óskar eftir samþykki þingheims fyrir því að þær verði í gildi fyrir næsta ár.

- **Þingforseti ber tillöguna upp til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.**

Steinar Einarsson nýkjörinn formaður STÍ tekur til máls:

Steinar þakkar stuðningin sem þingheimur veitti honum með kjöri hans til formanns. Hann þakkar Axel Sölvasoni fyrir góða þingstjórn og Guðmundi Kr. Gíslasyni fyrir ómæld störf í þágu sambandsins og undirbúning skotþings.

Þingforseti, Axel Sölvason tekur til máls:

Axel þakkar þingfulltrúum góða fundarsetu og óskar skothreyfingunni velfarnaðar í framtíðinni.

Axel Sölvason, þingforseti slítur þingi.

Kjartan Friðriksson, ritari.

Axel Sölvason, þingforseti.